

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Sjúkrahússins á Akureyri.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Gjafasjóður Sjúkrahússins á Akureyri og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhag, rekstri og lögbundinni stöðu sjúkrahússins.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing er á Sjúkrahúsínu á Akureyri.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styrkja starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri til hagsbóta fyrir sjúklinga og starfsfólk. Því skal náð með því að veita úr honum fé til:

- a) Kaupa á lækningatækjum og öðrum búnaði fyrir sjúkrahúsið.
- b) Annarra verkefna sem stjórn sjóðsins metur brýnust á hverjum tíma.
- c) Sjóðnum má skipta upp í deildir og verkefni.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi sjóðsins er Gjafasjóður FSA, kt. 451089-2699.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 sem lagt er fram af stofnanda, auk annarra fjármuna sem nú eru í vörslu hans. Stofnfé er óskerðanlegt. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum sem eru hinir sömu og skipa framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri á hverjum tíma. Stjórnin tilnefnir 2 varamenn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt öðrum umboð. Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um hvernig ráðstafa skuli fé sjóðsins. Stjórnarfundir eru lög-mætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Bókhald og fjárvarsla.

Bókhald, fjárvörsu og daglega umsýslu annast skrifstofa fjármála á Sjúkrahúsínu á Akureyri.

9. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru:

Gjafir og framlög til sjóðsins og Sjúkrahússins á Akureyri.

Stofnuð hafa verið Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri. Þau hafa það m.a. að markmiði að afla fjár til „að styðja við og styrkja starfsemi sjúkrahússins“. Þeir fjármunir sem samtökin afla, þ.m.t. félagsgjöld, og renna til Gjafasjóðs skal halda til haga sem sérstöku viðfangi innan hans. Því fē sem samtökin afla skal sjóðstjórn ráðstafa í fullu samráði við stjórn Hollvinasamtakanna.

Vaxtatekjur.

Aðrar tekjur.

Fjármunir sem gefnir hafa verið einstökum deildum Sjúkrahússins á Akureyri skulu að jafnaði renna til þeirra.

Stjórninni er skylt að tryggja sem mesta ávöxtun stofnfjár og tekna án þess að stofna fē sjóðsins í hættu.

10. gr.

Endurskoðendur.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur Sjúkrahússins á Akureyri.

11. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjóðsins til áramóta. Ársreikningur sjóðsins skal ligga fyrir um leið og ársreikningur Sjúkrahússins á Akureyri.

12. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari þarf samþykki allra stjórnarmannna sjóðsins. Slikt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskráin var samþykkt á fundi stjórnar Gjafasjóðs Sjúkrahússins á Akureyri þann 19. mars 2014.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 25. mars 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrímsdóttir.